



584. fundur stjórnar SASS

Austurvegi 56 Selfossi

24. júní 2022, kl. 13:00 – 14:40

Mætt: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson varaformaður, Brynhildur Jónsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Árni Eiríksson. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir tengist fundinum í gegnum fjarfundarhugbúnað. Njáll Ragnarsson boðaði forföll. Þá tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna og óskar þeim til hamingju með kjörið í stjórn SASS.

1. Fundargerð

Fundargerð 583. fundar hefur verið staðfest af fyrri stjórn.

2. Starfið framundan

Formaður kynnir starfsáætlun stjórnar 2022 og drög að dag- og tímasetningu funda fram að áramótum. Hún fer einnig yfir helstu verkefni stjórnar.

Formaður leggur til að halda stjórnarfundum SASS að jafnaði fyrsta föstudag í hverjum mánuði kl. 12:30. Fram að áramótum verða hins vegar frá þessu tvö frávík en ákveðið er að halda vinnufund stjórnar 15. – 16. september nk. og fundur verður haldinn 26. október sem er daginn fyrir ársþing samtakanna. Áfram er ráðgert að heimsækja sveitarstjórnir og halda þá stjórnarfundum hjá viðkomandi sveitarfélagi. Samþykkt af stjórn.

Formaður leggur til að áfram verði kynningarfundir stjórnar og framkvæmdastjóra fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum á Suðurlandi, að þeir verði að jafnaði þriðja föstudag í mánuði kl. 11:00. Á fundunum er farið yfir það sem er á döfinni hjá samtökunum og sértæk málefni þegar það á við. Samþykkt af stjórn.

Lagt til að stjórn óski eftir reglulegum fundum með þingmönnum Suðurkjördæmis og með hagaðilum á Suðurlandi s.s. fulltrúum HSU, lögreglustjórum og sýslumanni. Samþykkt af stjórn.

Fjallað um fyrirkomulag nefndastarfa fyrir komandi ársþing SASS. Byggt verði á verklagi sem hafið var fyrir ársþing 2021, kjörnir fulltrúar verða skipaðir í eftirtaldar nefndir; fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, mennta- og menningarmálanefnd, umhverfis- og skipulagsnefnd, velferðarnefnd, atvinnumálanefnd og samgöngunefnd. Mikilvægt er að fá virka þátttöku nefndarmanna þar sem unnið er að hagsmunamálum landshlutans. Samþykkt af stjórn. Framkvæmdastjóri kallar eftir tilnefningum.

Lögð eru fram til kynningar og umræðu drög að starfsreglum stjórnar. Vísað til frekari umræðu á næsta fundi stjórnar.



Farið yfir stærri fundi sem framundan eru en þar má nefna landsþing sambandsins á Akureyri 29. – 30. september nk., fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á vegum sambandsins sem haldin verður 13. – 14. október nk. í Reykjavík og ársþing SASS sem haldið verður 27. – 28. október nk. á Höfn í Hornafirði.

3. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 540. fundar stjórnar SSH, fundargerð 38. fundar stjórnar SSNE, fundargerð 78. fundar stjórnar SSNV, fundargerð 779. fundar stjórnar SSS, fundargerð 168. fundar stjórnar SSV og fundargerð 81. fundar Stýrihóps stjórnarráðsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni í vikunni og hvað framundan sé.

c. Sigurhæðir - lokaskýrsla

Lögð fram til kynningar skýrsla um úttekt matsaðila á áhersluverkefninu Sigurhæðir sem styrkt er m.a. af Sóknaráætlun Suðurlands, sbr. [hér](#).

Stjórn SASS óskar Soroptimistaklúbb Suðurlands til hamingju með góðan árangur af áhersluverkefninu. Ljóst er að meðferðarúrræðið hefur gefist vel fyrir þolendur kynbundins ofbeldis sem samstarfsaðilar nýta og treysta. Stjórn hvetur ríkið, sveitarstjórnir og aðra hagaðila að tryggja vöxt og viðgang verkefnisins til næstu ára.

d. Stefnumótandi áætlanir ríkisins á sviði sveitarfélaga, skipulags- og húsnæðismála

Innviðaráðuneytið hefur óskað eftir að nýkjörnar sveitarstjórnir veiti upplýsingar í grænbækur fyrir stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, landsskipulagsstefnu og húsnæðisstefnu ríkisins fyrir 31. júlí nk.

Víða hafa ekki verið ráðnir nýir framkvæmdastjórar og eins eru margir nýir fulltrúar í sveitarstjórnnum. Stjórn SASS gerir alvarlega athugasemd við verklagið. Það ber ekki vott um góða stjórnsýsluhætti að innviðaráðuneytið kalli eftir þessum upplýsingum nokkrum dögum eftir kosninga og setji sveitarstjórnnum jafn þröngan tímaramma þegar svo háttar.

Stjórn SASS mælist til þess að fresturinn verði framlengdur til 30. september nk. þannig að tryggt sé að öllum sveitarstjórnnum sé gefinn eðlilegur tímafrestur til svara. Stjórnin mælist jafnframt til þess að þetta verði haft í huga til framtíðar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn sem staðfundur föstudaginn 12. ágúst nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 14:40

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Grétar Ingi Erlendsson

Einar Freyr Elínarson

Brynhildur Jónsdóttir



Arnar Freyr Ólafsson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Árni Eiríksson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir